Nr. 716 3. júlí 2018

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.**

*Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar – reit 2.1, lóð nr. 12 við Hvaleyrarbraut.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 20. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar – reit 2.1, vegna lóðarinnar að Hvaleyrarbraut 12. Deiliskipulagsbreytingin, sem felst í heimild til að byggja opinn bílakjallara neðanjarðar utan byggingarreits, að þak verði einhalla og að auka nýtingarhlutfall, var grenndarkynnt 18. maí - 15. júní 2018. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 3. júlí 2018.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**

__________

B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2018